



**465. fundur
haldinn í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 7. október 2010 og hófst hann kl. 17.00**

Fundinn sátu: Lárus Ástmar Hannesson, Berglind Axelsdóttir, Gretar D. Pálsson, Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Lárus Ástmar Hannesson formaður bæjarráðs setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda.

1. 1009040 - Fundargerð umhverfisnefndar, dags, 22.09.2010.

Fundargerð framlögð. **Liður 3** Svæðaskipting Stykkishólmsbæjar

Afgreiðsla: Fyrst um sinn leggur umhverfisnefnd til að lögð verði áhersla á að bæta umgengni og útlit athafnasvæðanna við Reitarveg og Nesveg.

Samþykkt að bæjarráð og umhverfisnefnd fundi um framgang verkefnisins.

Liður 4 ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda.

Afgreiðsla: Umhverfisnefnd óskar eftir að formaður fari sem fulltrúi bæjarins á ársfundinn.

Samþykkt að formaður umhverfisnefndar sækji ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda.

Fundargerð samþykkt.

2. 1009037 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra Stykkishólmi. dags, 08.09.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. 1010010 - Fundargerð skipulags og byggingarnefndar, dags, 20.09.2010 (131. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Skúlagata 18. Endurnýjun á byggingarleyfi.

Kristján Sigurbjarnarson sækir um endurnýjun á byggingarleyfi frá 2008, sem felst í niðurrifi og endurbyggingu á forstofu og að byggja viðbyggingu aftan við húsið. Einnig hækkun á þaki með kvista- og gluggasetningu, ásamt alhliða endurbótum á húsinu, sbr. teikningar frá Argos ehf, arkitektarstofu Grétars og Stefáns dags. 15. mars, 2008. Stærðir nýbyggingar: 53,3 m², 225,6 m³. Húsfriðunarnefndar ríkisins gerir ekki athugasemd við erindið sbr. umsögn frá 15. mars 2008 og staðfestingu dags. 14.09.2010. Byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt árið 2008 fyrir eigendum húsa við Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og nr. 20. Engar athugasemdir bárust.

Erindið var grenndarkynnt að nýju fyrir sömu aðilum og árið 2008. Athugasemd barst frá Heimi Laxdal Jóhannssyni dags. 14.09.10.

Nefndin leggur til að endurnýjun á byggingarleyfisumsókn fyrir Skúlagötu 18 verði samþykkt. Nefndin telur að útsýnisskerðing frá Víkurgötu 5 sé það óveruleg að ekki beri að taka tillit til athugasemdar þar um.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 Aðalgata 14, að breyta bílgeymslu í íbúðarrými.

Hólmgeir S. Þórsteinsson sækir um að breyta bílskúr í íbúðarherbergi sbr. tillöguteikningar frá Verkfræðistofu Þráins og Benedikts dags. ágúst 2010.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 Smiðjustígur 2a, fyrirspurn um stækkun á glugga.

Fyrirspurn frá Guðmundi J. Amelín um að stækka glugga á vesturhlið hússins sbr. teikningar frá Hjörleifi Sigurþórssyni/Brynjari Daníelssyni dags. með breytingum 10.09.10.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Aðrar fundargerðir

- 4. 1010007 - Fundargerð vinnuhóps um deiliskipulag á svæði hesteigendafélags Stykkishólms, dags 28.09.2010.**

Framlagt.

- 5. 1010009 - Fundargerð vinnuhóps um deiliskipulag á svæði fyrir frístundabændur dags 28.09.2010.**

Framlagt.

- 6. 1009039 - Ráðgjafanefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, dags 15.09.2010 Efni: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar.**

Framlagt.

Erindi til kynningar.

- 7. 1010006 - Bréf Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags, 04.10.2010 varðandi ráðstefnu um hlutverk og ábyrgð sveitarstjórna í náttúruhamförum.**

Framlagt.

- 8. 1010001 - Bréf Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis, dags 28.09.2010, varðandi ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.**

Framlagt.

- 9. 1009042 - Bréf samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis, dags 24.09.2010, varðandi tilmæli til sveitarstjórna vegna reglna um ráðningar starfsmanna sveitarfélaga.**

Framlagt.

- 10. 1009034 - Bréf Félagsmálavaktarinnar, dags 01.09.2010 varðandi ályktun Velferðarvaktarinnar.**

Framlagt.

- 11. 1009033 - Bréf Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins (Jöfnunarsjóðs), dags 13.09.2010 Efni: Uppgjör á framlagi vegna hækkaðra fasteignaskattstekna.**



- Framlagt.
- 12. 1009032 - Bréf skipulagsstofnunar, dags, 10.09.2010 Efni: Ný skipulagsreglugerð.**
Framlagt.
- 13. 1009029 - Bréf Alþingis, dags, 08.09.2010, varðandi fund sveitarstjórnar með fjárlaganefnd 2010.**
Framlagt.
- 14. 1009028 - Bréfi vinnueftirlits ríkisins, dags, 02.09.2010, varðandi skyldur bæjar og sveitarstjórna í vinnuverndarmálum.**
Framlagt.
- 15. 1009025 - Bréf samband íslenskra sveitarfélaga, dags.01.09.2010 varðandi stefnumótun sveitarfélaga í skólamálum.**
Framlagt.
- 16. 1009015 - Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 31.08.2010 varðandi niðurstöðu ársreiknings 2009.**
Framlagt.
- 17. 1008022 - Tölvupóstur mennta og menningarmálaráðuneytisins, dags, 27.08.2010 varðandi úttektir á leik og grunnskólum.**
Framlagt.
- 18. 1009030 - Tvær umsóknir um styrk til fjárlaganefndar Alþingis fyrir ársið 2011.**
Framlagt.
- 19. 1010022 - Tölvupóstur Ásmundar Skeggjasonar, dags 18.08.2010 varðandi afturköllun á lóðum.**
Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

- 20. 1010008 - Árshátíð starfmannna Stykkishólmsbæjar 2010.**
Bæjarstjóra falið að hafa samband við forstöðumenn stofnanna Stykkishólmsbæjar.
- 21. 1010005 - Bréf Björns Steinars Pálmasonar bæjarstjóra í Grundarfirði, dags,01.10.2010 Efni: Samstarfsverkefni á Snæfellsnesi.**
Tekið er jákvætt í erindið.
- 22. 1010004 - Tölvupóstur Guðrúnar Svönu Pétursdóttur, dags, 27.09.2010 varðandi frítt sund og eða aðgang að líkamsrækt fyrir atvinnulausa og hugmynd um „hugmyndasjóð“.**
Bæjarráð fagnar ábendingunum. Samþykkt að atvinnulausir fái frítt í sund.
Bæjarstjóra og forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar falið aðkoma með tillögu að framkvæmd.
Unnið er að hugmyndahnappi á heimasíðu í samvinnu við Hugmyndaráðuneytið.
- 23. 1009041 - Bréf sjávarútvegsráðuneytis, dags 24.09.2010 Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2010/2011.**
Bæjarstjóra falið að sækja um byggðakvóta.
- 24. 1009027 - Bréf menningarráðs Vesturlands, dags, 06.09.2010, varðandi boð um kynningu á starfssemi menningarráðs Vesturlands.**
Bæjarstjóra falið að finna tíma fyrir kynningu á menningarráði Vesturlands.
- 25. 1010016 - Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði málefna fatlaðra á Vesturlandi, ódagsettur.**
Samþykkt að bæjarstjóri undirriti samning fyrir hönd Stykkishólmsbæjar.
- 26. 1010017 - Tillaga um sölu á Aðalgötu 2 (Egilshúsi).**



Við undirrituð leggjum til að húsnaði að Aðalgötu 2, (Egilshús) verði selt ef viðunandi verð fæst og tryggt sé að sú starfsemi sem er í húsinu verði fundinn annar staður.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Samþykkt að auglýsa Aðalgötu 2 til sölu.

27. 1010018 - Tillaga um aðstöðu fyrir geymslugáma.

Byggingarfulltrúa ásamt bæjarverkstjóra verði falið að koma með kostnaðaráætlun og tillögur að staðsetningu. Um er að ræða ógirt svæði sem væri eingöngu fyrir gáma en ekki lausahluti.

Greinargerð: Í bæjarlandinu er töluvert um geymslugáma. Mikilvægt er að geta bent á svæði þar sem gámarnir mega standa.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

28. 1010019 - Tillaga um ógildingu á samningi við Skipavík um Víkurhverfi.

Við undirrituð leggjum til að bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar verði falið að ræða við forsvarsmenn Skipavíkur um ógildingu á samningi um Víkurhverfi.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Gretar lítur svo á að samningur við Skipavík um Víkurhverfið sé fallinn um sjálft sig.

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

29. 1010020 - Tillaga varðandi safna og menningarmálanefnd.

Við undirrituð leggjum til að Safna- og menningarmálanefnd verði falið að koma með tillögur að framtíðarskipulagi safnamála í Stykkishólmi, með áherslu á skilvirkni og hagræðingu.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Tillaga samþykkt.

30. 1010021 - Tillaga um skipulagningu svæðis fyrir frístundahús til almennrar úthlutunar.



Við undirrituð leggjum til að skipulagt verði svæði fyrir frístundahús til almennrar úthlutunar við Arnarborg norðaustan við það svæði, sem Skipavík hefur til umráða.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Samþykkt að vísa tillögunni til skipulags-og byggingarnefndar.

- 31. 1010024 – Tvær kostnaðaráætlanir vegna heimilda og vettvangsskráningar á deiliskipulagsreit á Þinghúshöfða í Stykkishólmsbæ.**
Samþykkt að taka tilboði Fornleifastofnunar Íslands.

Annað.

- 32. 1010015 - Umræða um atvinnumál í Stykkishólmi.**
Bæjarráð leggur áherslu mikilvægi þess að standa vörð um öll störf í Stykkishólmi.
- 33. Tillaga Gretars um endurskoðun á samningi um Háskólaþing Snæfellsness, með eflingu í huga.**
Tillaga samþykkt.
- 34. Samningur við Skipavík um frístundabyggð.**
Samþykkt að framlengja samning til tveggja ára að viðbætti byggingavísitölu bindingu lóðagjalds.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:20
Þór Örn Jónsson